



Reykjavíkurborg  
Borgarlögmaður

Alþingi  
Erindi nr. Þ 131/1210  
komudagur 8.4.2005

Reykjavík, 6. apríl 2005  
R05020090  
175  
ás/

Alþingi - Félagsmálanefnd  
Selma Hafliðadóttir, nefndarritari

150 REYKJAVÍK

***Atvinnuréttindi útlendinga, tímabundið atvinnuleyfi o.fl. 47. mál.***

Vísað er til bréfs félagsmálanefndar Alþingis, dags. 14. febrúar sl. ásamt frumvarpi til laga um atvinnuréttindi útlendinga, tímabundið atvinnuleyfi o.fl. Lagt fram á 131. löggjafarþingi 2004-2005. Þskj. 47 - 47.mál.

Meðfylgjandi er umsögn Félagsþjónustunnar í Reykjavík, f.h. borgarráðs dags. 4. mars sl.

Gunnar Eydal, hrl.  
borgarlögmaður


Hjálagt:  
Umsögn.



Reykjavíkurborg  
Félagsþjónustan

Reykjavík 4.mars 2005.

Skrifstofa borgarlögmanns  
b.t. Gunnars Eydal  
Ráðhúsi Reykjavíkur  
Reykjavík.



**Efni: Umsögn vegna frv. til laga um atvinnuréttindi útlendinga, tímabundið atvinnuleyfi o.fl. Lagt fram á 131. löggjafarþingi 2004-2005. Þskj. 47 – 47. mál.**


Vísað er til bréfs nefndarritara allsherjarnefndar, dags. 14.febrúar 2005, er varðar beiðni til Félagsþjónustunnar í Reykjavík um að veita umsögn um ofangreint frumvarp. Bréfið var sent frá skrifstofu borgarlögmanns til sviðsstjóra velferðarsviðs til umsagnar með orðsendingu, dags. 15. febrúar 2005.

Félagsþjónustan í Reykjavík styður setningu laga sem miða að því að bæta réttarstöðu útlendinga sem starfa hér á landi. Af hálfu Félagsþjónustunnar er talið að umtalsverð réttarbót sé fólgin í þeirri breytingu á lögum nr. 97/2002 um atvinnuréttindi útlendinga sem fram kemur í frumvarpinu og miðar við að tímabundið atvinnuleyfi sé veitt útlendingi en ekki atvinnurekanda og að leyfið sé miðað við ráðningu til starfa í tiltekinni starfsgrein en ekki í tiltekið starf. Eins og málum er háttað í dag er hætta á að brotið sé á rétti útlendinga samkvæmt kjarasamningum og ráðningarsamningum, bæði hvað varðar laun og önnur starfskjör. Með frumvarpinu er verulega dregið úr hættu á að slík brot geti viðgengist hér á landi. Í framhaldi af þessari breytingu er ný skilgreining á atvinnuleyfi og tímabundnu atvinnuleyfi í 1. gr. frumvarpsins rökrétt og eðlileg. Með sama hætti er tillaga að breytingu í b. lið 2. gr. frv. til mikilla bóta og fær eindreginn stuðning Félagsþjónustunnar í Reykjavík. Lögð hefur verið rík áhersla á það innan Félagsþjónustunnar að vinna markvisst að því að efla fræðslu til erlendra starfsmanna stofnunarinnar.

Markmið með 3. gr. frumvarpsins er að bæta réttarstöðu þeirra útlendinga sem hafa fengið dvalarleyfi á grundvelli hjúskapar, sambúðar eða samvistar við íslenskan ríkisborgara og lagt er til að víkja megi frá skilyrðum um tímalengd hjúskapar, sambúðar eða samvistar ef skilnað megi rekja til ofbeldis maka útlendingans. Eins og fram kemur í fylgiskjali með frumvarpinu hefur Félagsþjónustan staðið, ásamt öðrum, að málþingi til að vekja athygli á stöðu þeirra einstaklinga sem lenda í aðstöðu sem þessari. Félagsþjónustan í Reykjavík styður þessa tillögu eindregið.

Félagsþjónustan í Reykjavík styður því lagasetningu byggða á frumvarpinu í öllum atriðum þess

F.h. Félagsþjónustunnar í Reykjavík,

  
Helga Jóna Benediksdóttir,  
lögfræðingur

  
**Félagsþjónustan**

Siðumúla 39 • 108 Reykjavík • Sími: 535 3000 • Bréfasími: 535 3039